

Kennslugjald greiðir þátttakandi eigi síðar en 7 virkum dögum eftir að kennsla hefst. Kennslugjald endurgreiðist vegna brottfalls úr námskeiði ef sérstakar ástæður mæla með.

Prófgjald greiðir þátttakandi eigi síðar en 7 virkum dögum fyrir próf. Skal þátttaka óheimil í prófi nema hann hafi staðið skil á prófgjaldi. Er það óafturkræft þótt þátttakandi þreyti ekki prófið.

Óski þátttakandi eftir því að sækja einungis námskeið án þess að þreyta próf skal hann greiða sem svarar tveimur þriðju af námskeiðsgjöldum. Þeir er fengið hafa undanþágu frá prófi í einstökum þáttum námsefnisins skulu greiða hlutfallslegt prófgjald. Fyrir upptöku-próf skal þátttakandi greiða sem svarar þriðjungi af námskeiðsgjöldum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 48. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. apríl 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Eyjafjarðarsveit mun á árinu 2004 innheimta gjald fyrir sorphirðu í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið miðast við stærð íláta (magn sorpsins) og tæmingu á tveggja vikna fresti. Hverjum húsráðanda er skylt að nota það ílát, sem sveitarstjórn ákveður og hentar magni þess úrgangs sem til fellur á hverjum stað sbr. heimild í 9. gr. samþykktar nr. 541/2000, um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

3. gr.

Árið 2004 verður sorphirðugjald sem hér segir:

A. Fyrir tæmingu á 240 l íláti	kr. 11.850
B. Fyrir tæmingu á 500 – 660 l íláti	kr. 18.495
C. Fyrir tæmingu á 1100 l íláti	kr. 42.970

4. gr.

Eigendur sumarbústaða skulu á árinu 2004 greiða kr. 3.210 í sorphirðugjald enda sé þeim gert kleift að losa sig við sorp á gámasvæðum sem skulu vera að lágmarki þrjú í sveitarfélaginu.

5. gr.

Á árinu 2004 skulu þeir, sem skv. sérstökum samningi við sveitarfélagið, stunda jarðgerð á lífrænum heimilisúrgangi njóta 3.000 kr. afsláttar af sorphirðugjaldi.

6. gr.

Sorphirðugjald skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri, sem það er lagt á sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar þann 18. desember 2004, sbr. heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Eyjafjarðarsveit, 16. mars 2004.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2004 um gildistöku reglna um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll.

Með vísan til 1. mgr. 70. gr., sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að nýjar reglur taki gildi þann 15. apríl 2004 um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll og brott falli þær reglur sem birtar voru með ákvörðun nr. 1/2004 sama efnis.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 6. apríl 2004.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.